

Þriðjudaginn 22. júní 1993.

Nr. 231/1993. **Krafttak sf.**

gegn

Óla Þ. Óskarssyni.

Kærumál. Framlagning skjala.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 23. maí 1993, sem barst réttinum 2. júní sama ár. Hann krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og dæmt verði, að Landsvirkjun sé óskylt að leggja fyrir dóminn þau gögn, er úrskurðurinn tekur til. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst þess aðallega, að málinu verði vísað frá Hæstarétti, en til vara, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur. Í báðum tilvikum krefst hann kærumálskostnaðar.

I.

Varnaraðili styður frávísunarkröfu sína þeim rökum, „að sóknaraðili geti ekki kært úrskurð héraðsdóms, þar sem úrskurðurinn fjallar ekki um framlagningarskyldu sóknaraðila, heldur þriðja manns eða Landsvirkjunar“. Þá hafi Landsvirkjun lýst yfir því með bréfi 4. febrúar 1993, „að fyrirtækið uni hinum kærða úrskurði“. Af því leiði, að sóknaraðili geti ekki kært hinn kærða úrskurð.

Kæruheimild er í d-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, eins og bent var á í dómi Hæstaréttar 10. mars 1993 í kærumáli milli sömu aðila. Landsvirkjun hefur ekki lýst því yfir, að fyrirtækið uni hinum kærða úrskurði, sem upp var kveðinn 13. maí 1993. Af tilvitnuðu bréfi Landsvirkjunar 4. febrúar 1993 má ráða, að fyrirtækið hugðist ekki fyrir sitt leyti kæra þá ákvörðun, sem Héraðsdómur Reykjavíkur tók 21. janúar sama ár og var til meðferðar í hinu fyrra kærumáli málsaðila. Engin rök eru því til þess að verða við frávísunarkröfu varnaraðila.

II.

Þau gögn, sem framlagningar er krafist á, varða kröfugerð sóknaraðila á hendur Landsvirkjun um aukagreiðslur og leiðréttingar vegna

verksamnings þeirra frá 10. ágúst 1984 um virkjunarframkvæmdir við Blöndu. Varnaraðili var undirverktaki sóknaraðila samkvæmt sérstökum samningi þeirra 5. maí 1986, og átti Landsvirkjun enga aðild að þeim samningi. Sóknaraðili leggur á það áherslu, að grundvöllur uppgjors þessara tveggja verksamninga sé mismunandi og framlagn-ing gagnanna væri til þess fallin að flækja málið enn frekar.

Landsvirkjun hefur í bréfi til Héraðsdóms Reykjavíkur 20. janúar 1993 lýst efnislegri afstöðu sinni til kröfugerðar varnaraðila. Þar segir meðal annars:

„Kröfugerð Krafttaks sf. var afhent 8. desember 1987 og var undanfari endanlegs uppgjors Landsvirkjunar við fyrirtækið, en á verktímanum höfðu komið upp erfiðleikar við framkvæmd verksins, sem höfðu í för með sér röskun á áætlunum og leiddu til aukakostnaðar. Uppgjöri lauk með samkomulagi („Agreement“) og viðaukasamningi nr. 4 („Amendment No 4 to Contract“), sem hvort tveggja er dags. 31. maí 1988. ... Landvirkjun telur, að umbeðin kröfugerð gefi ekki rétta mynd af endanlegu uppgjöri við Krafttak sf. Í uppgjörinu var slegið af ýmsum þáttum og aðrir slípaðir til þannig, að endanleg niðurstaða var ekki í samræmi við kröfugerð fyrirtækisins. Uppgjörið miðaðist og við samskipti Landsvirkjunar og Krafttaks sf., sem er öðrum óviðkomandi. ... Á hinn bóginn er ljóst, að gegn vilja Krafttaks sf. mun Landsvirkjun ekki láta umbeðin gögn af hendi án undangengins úrskurðar dómsins þar að lútandi. ... Afstaða Landsvirkjunar hvílir á þeirri forsendu, að fyrirtækinu sé hvorki rétt né skylt að afhenda þriðja aðila gögn, er varða viðskipti fyrirtækisins við verktaka gegn vilja verktakans. Um sé að ræða gögn, sem þriðji aðili ætlar að reyna að nýta sér í málsókn gegn verktakanum. Í fyrsta lagi stendur það verktakanum nær að afhenda gögnin. Í öðru lagi er ekki um að ræða skjöl, sem skylt væri að afhenda 3ja aðila án tillits til málsins. Í þriðja lagi er ekki um að ræða efni í umbeðnum gögnum, sem Landsvirkjun væri skylt að vitna um í málinu, sbr. d-lið 2. mgr. 53. gr. laga nr. 91/1991. Efnisforsendur 3. mgr. 67. gr. laga nr. 91/1991 eru því ekki til staðar í málinu að mati Landsvirkjunar.“

III.

Sérstakur ágreiningur varð um þá ósk varnaraðila í þinghaldi 17. nóvember 1992 að fá að leggja fram ljósrit af framangreindu skjali

með heitinu „Agreement“ frá 31. maí 1988. Héraðsdómur hafnaði þeirri ósk varnaraðila með úrskurði 19. nóvember 1992. Í forsendum þessa úrskurðar, sem ekki var kærður til Hæstaréttar, segir meðal annars:

„Deila aðila þessa máls er um uppgjör samkvæmt verksamningi þeirra frá 5. maí 1986, sem er grundvöllur réttarsambands þeirra. Stefndandi hefur gert kröfur í málinu vegna uppgjörs samkvæmt þeim samningi.

Stefndandi á ekki aðild að verksamningi stefnda og Landsvirkjunar og uppgjör þeirra á grundvelli þess samnings skiptir ekki máli um úrlausn þessa máls...“

IV.

Varnaraðili hefur ekki gert viðhlítandi grein fyrir því, hvað það er, sem hann hyggst sanna með hinum umbeðnu gögnum. Þá hefur hann eigi að heldur gert það sennilegt, að þau gögn geti skipt máli um úrlausn þeirrar kröfugerðar, sem hann hefur uppi á hendur sóknaraðila, eða að forráðamönnum Landsvirkjunar væri skylt að bera vitni um efni þeirra eða afhenda þau án tillits til málsins, sbr. 3. mgr. 67. gr. laga nr. 91/1991.

Samkvæmt framansögðu er Landsvirkjun óskylt að leggja hin umbeðnu gögn fyrir héraðsdóm, og verður hinn kærði úrskurður því felldur úr gildi.

Varnaraðili skal greiða sóknaraðila kærumálskostnað, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi.

Landsvirkjun er óskylt að leggja hin umbeðnu gögn fyrir héraðsdóm.

Varnaraðili greiði sóknaraðila 40.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 13. maí 1993.

Mál þetta var tekið til úrskurðar í dag samkvæmt 1. mgr. 69. gr. laga nr. 91/1991 að undangengnum munnlegum málflutningi aðila og Landsvirkjunar.

Í máli þessu hefur stefnandi krafist þess, að Landsvirkjun láti af hendi við sig gögn, sem hann kveður vera að finna í „2-3 möppum“ í hennar vörslum. Um nánari lýsingu á gögnum þessum vísar stefnandi til dóm skjals nr. 7 í málinu, bls. 2.9, en um sé að ræða kröfugerð stefnda á hendur Landsvirkjun um aukagreiðslur og leiðréttingar vegna verktöku stefnda hjá Landsvirkjun við Blönduvirkjun svo og fylgigögn kröfugerðarinnar. Þessi gögn hafi að geyma margvíslegar upplýsingar um aukaverk og leiðréttingar vegna verktöku stefnanda hjá stefnda við Blönduvirkjun, sem hann gerir kröfu um í máli þessu, að stefndi greiði sér fyrir. Af hálfu Landsvirkjunar hefur því verið lýst yfir, að ekki verði orðið við þessari beiðni.

Stefnandi hefur lagt fram kröfu um, að Landsvirkjun verði skylduð til þess með úrskurði dómsins að afhenda sér möppur þessar, en ekki gert kröfu um, að upp verði kveðinn úrskurður að svo komnu máli.

Hinn 21. janúar sl. tók dómurinn þá ákvörðun skv. 1. mgr. 69. gr. laga nr. 91/1991, að Landsvirkjun skyldi leggja framangreind gögn fyrir dóminn.

Stefndi kærði þessa ákvörðun til Hæstaréttar, og með dómi, upp kveðnum 10. mars sl., var málinu vísað frá Hæstarétti á þeirri forsendu, að gegn mót-mælum stefnda yrði héraðsdómur að kveða upp úrskurð um skyldu Landsvirkjunar til að afhenda héraðsdómi skjöl þessi í trúnaði og gegn þagnar-skyldu.

Dómurinn hefur því tekið málið til úrskurðar um þetta efni.

Dómurinn telur nokkrar líkur á, að einhver þessara gagna, sem að framan er lýst, kunni að vera þess efnis, að starfsmönnum Landsvirkjunar væri skylt að bera vitni um það í máli þessu, og þannig ekki loku fyrir það skotið, að þau kunni að renna stoðum undir kröfugerð stefnanda. Sömu líkur kunna og að vera á því, að sum þessara gagna séu þess efnis, að starfsmönnum væri óskylt og jafnvel óheimilt að bera vitni um efni þeirra. Þótt stefnanda hafi ekki tekist að lýsa þeim gögnum, sem deila þessi snýst um, af verulegri nákvæmni, er samt sem áður ekki marktækur ágreiningur um það, hver þau eru. Samkvæmt framansögðu telur dómurinn rétt, að Landsvirkjun leggi fyrir hann umrædd gögn samkvæmt 1. mgr. 69. gr. laga nr. 91/1991.

Úrskurð þennan kváðu upp Friðgeir Björnsson dómsformaður og sam-dómendurnir Freyr Jóhannesson og Ríkharður Kristjánsson.

Ú r s k u r ð a r o r ð :

Landsvirkjun er skylt að leggja fyrir dóminn í trúnaði og gegn þagnar-skyldu þau gögn, sem er að finna í 2-3 möppum í vörslu Landsvirkjunar og hafa að geyma kröfugerð stefnda á hendur Landsvirkjun um greiðslur fyrir aukaverk og leiðréttingar vegna verktöku stefnda hjá Landsvirkjun við Blönduvirkjun og fylgigögn með þeirri kröfugerð.